

Orkuveita Húsavíkur ohf.

Ársreikningur

2025

Orkuveita Húsavíkur ohf.
Ketilsbraut 7-9
640 Húsavík
kt. 641195-2359

Orkuveita Húsavíkur ohf.

Ársreikningur

2025

Efnisyfirlit

Áritun óháðs endurskoðanda	2-3
Skýrsla stjórnar	4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6
Yfirlit um sjóðstreymi	7
Skýringar	8-18

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Orkuveitu Húsavíkur ohf.

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Orkuveitu Húsavíkur ohf. fyrir árið 2025. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um helstu reikningskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Orkuveitu Húsavíkur ohf. á árinu 2025, efnahag þess 31. desember 2025 og breytingu á handbæru fé á árinu 2025, í samræmi við lög um ársreikninga.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðenda hér að neðan. Við erum óháð Orkuveitu Húsavíkur ohf. í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Orkuveitu Húsavíkur ohf. Ef við á skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna var ákveðið að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanleg vissu er mikil vissu, en ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við faglegri tortryggni í gegnum endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalfals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum hvort reikningskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningslegt mat stjórnenda sé raunhæft.

Áritun óháðs endurskoðanda

- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Húsavík, 20. mars 2026

Enor ehf.

Hafnarstræti 53, Akureyri

Niels Guðmundsson
löggiltur endurskoðandi

Skýrsla stjórnar

Meginstarfsemi félagsins

Í samþykktum Orkuveitu Húsavíkur ohf. kemur fram að tilgangur félagsins sé orkurannsóknir, vinnsla og framleiðsla raforku, varma og vatns og hvers konar annarra auðlinda, dreifing og sala afurða fyrirtækisins ásamt hverri þeirri starfsemi sem nýtt getur rannsóknir, þekkingu eða búnað félagsins, sem og iðnþróun og nýsköpun af hverju tagi, ásamt annarri viðskipta- og fjármálastarfsemi samkvæmt ákvörðun stjórnar hverju sinni.

Starfsemi á árinu 2025

Á árinu 2025 fóru framkvæmdir og fjárfestingar Orkuveitu Húsavíkur ohf. yfir 200 milljónir króna. Félagið stóð að endurnýjun á um 2,6 km langri stofnlögn hitaveitu yfir Laxá að Grímshúsum í Aðaldal, auk þess sem heimtaugar á 650 metra kafla á sömu leið voru endurnýjaðar. Þá var endurnýjaður tæplega 100 metra langur kaflur af hlífðarkápu aðveituæðar hitaveitunnar frá Hveravöllum að Orkustöðinni á Húsavík.

Lokið var við lagningu fráveitu- og regnvatnslagna ásamt hitaveitu- og vatnsveitulögnum að öllum lóðum í nýrri götu, Fiskifjöru. Vatnsveitustofn á um 550 metra kafla frá Ásgarðsvegi að vatnsbóli var endurnýjaður. Annar hluti af nýrri regnvatnslögn í Auðbrekku var lagður þar sem Húsavíkurlækur og snjóbræðsla frá íþróttasvæði verður að fullu aðskilið frá skólavatni.

Farið var í ýmsar minni framkvæmdir, þar á meðal breytingar á lögnum við Borgarhólsskóla og heimlagnir fyrir nýtt frístundarhús. Töluvert af heimtaugum voru endurnýjaðar á Raufarhöfn og Kópaskeri. Einnig klárudust framkvæmdir við stiga frá Stangabakka niður í Árgil.

Orkuveitan flutti alla starfsemi sína frá Höfða 13, suður í Orkustöðina að Hrísmóum 1 á Húsavík.

Gjaldskrá Orkuveitu Húsavíkur ohf. tók síðast breytingum 1. janúar 2025 og nam heildarhækkun gjaldskrárliða félagsins um 5%, skv. ákvörðun stjórnar OH sem tekin var á stjórnarfundi félagsins þann 29. október 2024.

Framtíðaráform

Orkuveita Húsavíkur ohf. mun halda áfram viðhaldi og endurnýjun lagna félagsins til að auka rekstraröryggi veitukerfa félagsins.

Staðfesting stjórnenda á ársreikningi félagsins 2025

Ársreikningur Orkuveitu Húsavíkur ohf. fyrir árið 2025 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.

Hagnaður Orkuveitu Húsavíkur ohf. á árinu 2025 nam 187,7 milljónum króna. Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir félagsins 2.681,6 milljónum króna, bókfært eigið fé í árslok er 2.520 milljónir króna og er eiginfjárhlutfall félagsins 94%.

Í lok ársins var einn hluthafi í félaginu, sveitarfélagið Norðurþing með 100% hlutafjárins, sem er óbreytt frá fyrra ári.

Stjórn félagsins leggur til að greiddar verði allt að krónur 70.000.000 í arð á árinu 2026 en stjórnin vísar að öðru leyti í ársreikninginn um breytingar á eigin fé félagsins.

Það er álit stjórnar og rekstrarstjóra Orkuveitu Húsavíkur ohf. að í ársreikningi þessum komi fram allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu. Stjórn og rekstrarstjóri Orkuveitu Húsavíkur ohf. staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2025 með undirritun sinni.

Húsavík, 20. mars 2026.

Í stjórn:

Sigurgeir Höskuldsson

Bylgja Steingrímsdóttir

Valdimar Halldórsson

Framkvæmdastjóri:

Benedikt Þór Jakobsson

Rekstrarreikningur ársins 2025

	Skýr.	2025	2024
Rekstrartekjur	3	500.384.205	504.465.483
Aðrar tekjur		12.755.751	15.952.731
Lífeyrisskuldbinding	11	(17.409.364)	(6.522.668)
Annar rekstrarkostnaður		(260.137.242)	(243.528.444)
Afskriftir fastafjármuna	6	(76.406.013)	(74.182.169)
Rekstrarhagnaður		159.187.337	196.184.933
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	4	57.838.813	72.657.275
		57.838.813	72.657.275
Hlutdeild í afkomu dóttur- og hlutdeildarfélaganna	7	(2.560.827)	1.421.664
Hagnaður fyrir skatta		214.465.323	270.263.872
Tekjuskattur	5	(26.744.135)	(36.568.098)
Hagnaður ársins		187.721.188	233.695.774

Efnahagsreikningur 31. desember 2025

Eignir	Skýr.	31.12.2025	31.12.2024
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir	6	1.527.029.751	1.376.179.855
Eignarhlutir í dóttur- og hlutdeildarfélögum	7	66.116.597	65.282.580
Eignarhlutir í öðrum félögum	7	37.376.270	37.376.270
Tekjuskattsinneign	12	41.690.361	48.368.729
		<u>1.672.212.979</u>	<u>1.527.207.434</u>
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur	8	40.853.894	44.194.814
Markaðsverðbréf	9	330.723.913	306.258.295
Kröfur á tengd félög	15	157.937.436	147.866.338
Aðrar skammtímakröfur	8	16.927.994	13.551.890
Handbært fé	8	462.894.586	514.518.710
		<u>1.009.337.823</u>	<u>1.026.390.047</u>
Eignir		<u>2.681.550.802</u>	<u>2.553.597.481</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Hlutfé	10	10.000.000	10.000.000
Lögbundinn varasjóður		2.500.000	2.500.000
Eiginfjárreikningur		2.507.474.154	2.389.752.966
Eigið fé		<u>2.519.974.154</u>	<u>2.402.252.966</u>
Langtímaskuldir og skuldbindingar			
Lífeyrisskuldbinding	11	86.803.114	81.376.649
		<u>86.803.114</u>	<u>81.376.649</u>
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir	13	37.384.219	31.978.046
Næsta árs afborgun lífeyrisskuldbindingar	13	9.659.062	9.055.229
Ógreiddir reiknaðir skattar	5	20.065.767	27.959.122
Aðrar skammtímaskuldir	13	7.664.486	975.469
		<u>74.773.534</u>	<u>69.967.866</u>
Skuldir		<u>161.576.648</u>	<u>151.344.515</u>
Eigið fé og skuldir		<u>2.681.550.802</u>	<u>2.553.597.481</u>

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2025

	Skýr.	2025	2024
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Hagnaður ársins		187.721.188	233.695.774
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir		76.406.013	74.182.169
Söluhagnaður fastafjármuna		(700.797)	0
Aðrir liðir	14	2.182.941	(12.517.713)
Hreint veltufé frá rekstri samtals		<u>265.609.345</u>	<u>295.360.230</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Aðrar rekstrartengdar eignir (hækkun), lækkun		(35.184)	473.845
(Lækkun) hækkun rekstrartengdra skulda:			
Rekstrartengdar skuldir, hækkun		4.201.835	26.918.886
Greitt vegna lífeyrisskuldbindingar		(11.379.066)	(9.721.197)
Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum samtals		<u>(7.212.415)</u>	<u>17.671.534</u>
Handbært fé frá rekstri		<u>258.396.930</u>	<u>313.031.764</u>
Fjárfestingahreyfingar			
(Keyptir)/seldir varanlegir rekstrarfjármunir		(226.555.112)	(211.569.517)
(Keyptir)/seldir eignarhlutar í dóttur-/hlutdeildarfélögum		(3.394.844)	(3.145.000)
(Hækkun)/lækkun á kröfum á tengd félög		(10.071.098)	(6.988.564)
		<u>(240.021.054)</u>	<u>(221.703.081)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Greiddur arður		(70.000.000)	(66.000.000)
Afborganir langtímaskulda		0	(1.285.448)
		<u>(70.000.000)</u>	<u>(67.285.448)</u>
(Lækkun), hækkun handbærs fjár		(51.624.124)	24.043.235
Handbært fé í upphafi árs		514.518.710	490.475.475
Handbært fé í lok árs		<u>462.894.586</u>	<u>514.518.710</u>

Skýringar

1. Starfsemi

Orkuveita Húsavíkur ohf. er opinbert hlutafélag og starfar á grundvelli laga nr. 2/1995 um hlutafélög.

Orkuveita Húsavíkur ohf. vinnur og framleiðir varma og kalt vatn ásamt dreifingu og sölu á hvoru tveggja. Að auki sér félagið um uppbyggingu og rekstur fráveitukerfa ásamt hverri þeirri starfssemi annari sem nýtt getur rannsóknir, þekkingu eða búnað félagsins svo sem iðnráun og nýsköpun af hverju tagi ásamt annari viðskipta- og fjármálastarfsemi samkvæmt ákvörðun stjórnar hverju sinni.

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Orkuveitu Húsavíkur ohf. fyrir árið 2025 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum félagsins.

Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

Eignarhlutar í dótturfélögum

Dótturfélög eru félög þar sem móðurfélagið fer með yfirráð. Yfirráð eru til staðar þegar móðurfélagið hefur vald til ákvörðunartöku um fjármál og rekstur dótturfélagsins. Eignarhlutar í dótturfélögum er færðir samkvæmt hlutdeildaraðferð og eru eignarhlutar í hlutdeildarfélögum færðir á kostnaðarverði að teknu tilliti til hlutdeildar í rekstri og virðisrýrnunar einstakra fjárfestinga. Tap dótturfélaga umfram hlutdeild er aðeins gjaldfært hafi félagið gengist í ábyrgð eða stofnað til skuldbindinga fyrir þeirra hönd.

Skráning tekna

Tekjur af vörusölu og þjónustu eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið. Vörusala er skráð þegar vörur eru afhentar eða verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi flyst yfir til kaupanda. Þjónustutekjur eru færðar þegar þjónustan hefur verið innt af hendi. Sala er sýnd í rekstrarreikningi að teknu tilliti til afsláttu.

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaþrósentu.

Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gildandi gengi þess dags sem viðskiptin fara fram. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í lok reikningsskiladags. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

	Meðalgengi ársins		Árslokagengi	
	2025	2024	31.12.2025	31.12.2024
Evra (EUR)	144,65	149,31	147,20	143,90
Bandaríkjadalur (USD)	128,37	137,93	125,20	138,20

Skýringar

2. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

Fjármagnskostnaður

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

Skattamál

Tekjuskattur er reiknaður og færður í ársreikninginn. Útreikningur hans byggir á afkomu fyrir skatta að teknu tilliti til varanlegra mismuna á skattalegri afkomu og afkomu samkvæmt ársreikningi. Tekjuskattshlutfall er 20%.

Tekjuskattur til greiðslu er tekjuskattur sem áætlað er að komi til greiðslu á næsta ári vegna skattskylds hagnaðar ársins auk leiðréttinga á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára.

Frestaður skattur stafar af mismun efnahagsliða í skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar. Mismunurinn stafar af því að tekjuskattsstofn félagsins er miðaður við aðrar forsendur en reikningsskil þess.

Tekjuskattsinnæign er metin á reikningskiladegi og er einungis færð að því marki sem líklegt er að hún nýst á móti skattskyldum hagnaði í framtíðinni.

Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand.

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundradshluti af kostnaðarverði miðað við eignarhaldstíma á árinu að teknu tilliti til væntanlegs hrakvirðis.

Hagnaður eða tap vegna sölu eigna er mismunur söliverðs og bókfærðs verðs eigna á söludegi.

Verðbréf

Skuldabréf og aðrar langtímakröfur sem áætlað er að eiga fram á gjalddaga eru metnar á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu til að mæta hugsanlegu tapi í framtíðinni.

Markaðsverðbréf eru verðbréf sem skráð eru á virkum markaði og keypt í þeim tilgangi að hagnast á skammtímaverðbreytingum. Markaðsverðbréf eru færð á markaðsverði og færast matsbreyting í rekstrarreikning á því tímabili sem hún fellur til.

Önnur verðbréf eru flokkuð sem fjárfestingaverðbréf. Fjárfestingaverðbréf eru færð á gangvirði sem er markaðsvirði ef það er byggt á áreiðanlegum forsendum, t.d. skráð á opinberu verðbréfaþingi. Matsbreytingar eru færðar á gangvirðisreikning meðal eigin fjár á því tímabili þegar þær verða til. Ef ekki er hægt að meta markaðsvirðið með áreiðanlegum hætti eru fjárfestingaverðbréfin færð á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu til að mæta hugsanlegu tapi í framtíðinni.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni.

Skýringar

2. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar á nafnverði að frádrögnum greiddum afborgunum og eru eftirstöðvar nafnverðs reiknaðar upp miðað við gildandi gengi eða vísitölu í lok tímabilsins eftir því sem við á. Vaxtagjöld vegna langtímalána eru færð til gjalda á því tímabili sem þau tilheyra. Lántökukostnaður vegna nýrra lána er eignfærður og gjaldfærður á líftíma viðkomandi lána.

Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að félagið verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti.

3. Rekstrartekjur

Rekstrartekjur félagsins greinast þannig eftir starfsþáttum:

	2025	2024
Hitaveita	277.114.782	301.562.552
Vatnsveita	122.550.683	112.934.771
Fráveita	100.718.740	89.968.160
	<u>500.384.205</u>	<u>504.465.483</u>

4. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig:

	2025	2024
Vaxtatekjur	59.190.558	73.915.504
Vaxtagjöld	(1.417.490)	(1.280.079)
Gengismunur	65.745	21.850
	<u>57.838.813</u>	<u>72.657.275</u>

5. Tekjuskattur

Tekjuskattur er reiknaður og færður í ársreikninginn og nemur gjaldfærð fjárhæð í rekstrarreikningi 26,7 millj. kr.. Tekjuskattur til greiðslu á árinu 2026 er að fjárhæð 20,1 millj. kr..

Virkur tekjuskattur greinist þannig:

	2025		2024	
	Fjárhæð	%	Fjárhæð	%
Hagnaður fyrir skatta	214.465.323		270.263.872	
Skatthlutfall	42.893.065	20,0%	56.755.413	21,0%
Hlutdeild í afkomu undanþeginni tekjuskatti	(16.665.375)	-7,8%	(19.462.706)	-7,2%
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarféлага	512.165	0,2%	(298.549)	-0,1%
Aðrir liðir	4.280	0,0%	(426.059)	-0,2%
Tekjuskattur samkvæmt rekstrarreikningi	<u>26.744.135</u>	12,5%	<u>36.568.098</u>	13,5%

Skýringar

6. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

	Veitu- mannvirki	Fasteignir	Vélar, tæki og búnaður	Samtals
Kostnaðarverð				
Staða í ársbyrjun	3.563.665.129	232.456.711	84.064.203	3.880.186.043
Eignfært á árinu	157.165.266	66.707.751	3.582.095	227.455.112
Selt á árinu	0	0	(1.992.032)	(1.992.032)
Staða í árslok	3.720.830.395	299.164.462	85.654.266	4.105.649.123
Afskriftir				
Staða í ársbyrjun	2.314.908.439	151.377.370	37.720.379	2.504.006.188
Afskrift ársins	64.685.000	2.741.898	8.979.115	76.406.013
Selt á árinu	0	0	(1.792.829)	(1.792.829)
Staða í árslok	2.379.593.439	154.119.268	44.906.665	2.578.619.372
Bókfært verð				
Bókfært verð í ársbyrjun	1.248.756.690	81.079.341	46.343.824	1.376.179.855
Bókfært verð í árslok	1.341.236.956	145.045.194	40.747.601	1.527.029.751
Afskriftarhlutföll	1-6%	4%	15-20%	

Fasteignamat og vátryggingamat eigna félagsins í árslok greinist þannig:

	Fasteignamat	Vátrygginga- mat
Fasteignir og lóðir	278.010.000	709.000.000
Vélar og tæki, eignatryggingar		530.998.000
Viðlagatrygging		9.892.153.483

7. Eignarhlutir í félögum

	Hlutdeild	Nafnverð	Megin starfsemi
Eignarhlutir í dótturfélögum:			
Hitaveita Öxafjarðarhéraðs hf.	50,77%	45.693.000	Hitaveita
Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum			
Hrafnbjargarvirkjun hf.	48,75%	16.727.344	Uppbygging raforkuvera
Íslensk orka ehf.	31,45%	8.118.608	Orkuöflun og nýting orku
Eignarhlutir í öðrum félögum			
Sjóböð ehf.	13,79%	2.887.913	Bygging og rekstur sjóbaða
Mýsköpun ehf.	3,12%	500.000	Nýsköpun og atvinnuþróun
Eignarhlutar í félögum:			
		2025	2024
Staða í ársbyrjun		102.658.850	98.092.186
Keypt á árinu		3.394.844	3.145.000
Hlutdeild í afkomu		(2.560.827)	1.421.664
Staða í árslok		103.492.867	102.658.850

Skýringar

7. Eignarhlutir í félögum (framhald)

Sundurliðun á hlutdeild í afkomu og eigin fé greinist þannig:

	Afkoma		Eigið fé	
	2025	2024	2025	2024
Eignarhlutir í dótturfélögum:				
Hitaveita Öxafjarðarhéraðs hf.	2.307.524	1.645.544	64.383.405	62.075.881
	<u>2.307.524</u>	<u>1.645.544</u>	<u>64.383.405</u>	<u>62.075.881</u>
Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum:				
Hrafnbjargarvirkjun hf.	(212.370)	(200.285)	72.789	35.315
Íslensk orka ehf.	(4.655.981)	(23.595)	1.660.403	3.171.384
	<u>(4.868.351)</u>	<u>(223.881)</u>	<u>1.733.192</u>	<u>3.206.699</u>
Samtals dóttur- og hlutdeildarfélög	<u>(2.560.827)</u>	<u>1.421.664</u>	<u>66.116.597</u>	<u>65.282.580</u>

8. Aðrar peningalegar eignir

Viðskiptakröfur

	31.12.2025	31.12.2024
Innlendar viðskiptakröfur	53.326.894	56.371.814
Niðurfærsla vegna krafna sem kunna að tapast	(12.473.000)	(12.177.000)
	<u>40.853.894</u>	<u>44.194.814</u>

Breytingar á niðurfærslu viðskiptakrafna greinist þannig:

	31.12.2025	31.12.2024
Staða í ársbyrjun	(12.177.000)	(11.749.000)
Gjaldfært á árinu.....	(296.000)	(428.000)
Staða í árslok	<u>(12.473.000)</u>	<u>(12.177.000)</u>

Niðurfærsla hefur verið reiknuð vegna krafna sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati stjórnenda og reynslu fyrri ára.

Aðrar skammtímakröfur

	31.12.2025	31.12.2024
Virðisaukaskattur	9.361.008	3.242.848
Fjármagnstekjuskattur	7.566.986	10.105.103
Aðrar kröfur	0	203.939
	<u>16.927.994</u>	<u>13.551.890</u>

Handbært fé

Handbært fé félagsins samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

	31.12.2025	31.12.2024
Óbundnar bankainnstæður í íslenskum krónum	454.393.298	512.983.412
Óbundnar bankainnstæður í erlendri mynt	8.501.288	1.535.298
	<u>462.894.586</u>	<u>514.518.710</u>

Skýringar

9. Markaðsverðbréf

	2025	2024
Staða í ársbyrjun	306.258.295	280.030.602
Verðbreytingar	24.465.618	26.227.693
Staða í árslok	330.723.913	306.258.295

10. Eigið fé

Hlutfé greinist þannig:

	Hlutir	Hlutfall	Fjárhæð
Heildarhlutfé í árslok	10.000.000	100,0%	10.000.000
	10.000.000	100,0%	10.000.000

Útgefnir hlutir í lok ársins eru alls 10.000.000 og er nafnverð hvers hlutar ein íslensk króna. Hver króna nafnverðs jafngildir einu atkvæði.

	Hlutfé	Lögbundinn varasjóður	Óráðstafað eigið fé	Eigið fé samtals
Eigið fé 1.1.2024	10.000.000	2.500.000	2.222.057.192	2.234.557.192
Greiddur arður			(66.000.000)	(66.000.000)
Hagnaður ársins			233.695.774	233.695.774
Eigið fé 1.1.2025	10.000.000	2.500.000	2.389.752.966	2.402.252.966
Greiddur arður			(70.000.000)	(70.000.000)
Hagnaður ársins			187.721.188	187.721.188
Eigið fé 31.12.2025	10.000.000	2.500.000	2.507.474.154	2.519.974.154

11. Lífeyrisskuldbinding

Á félaginu hvílir skuldbinding vegna eftirlaunasamninga við starfsmenn félagsins. Samkvæmt tryggingafræðilegu mati nemur skuldbindingin 96,5 milljónum króna í árslok 2025 og miðast útreikningurinn við 2% ávöxtun umfram hækkunir á verðlagi. Hækkun skuldbindingarinnar á árinu, 6,0 milljónir króna, er færð til gjalda í rekstrarreikningi. Sá hluti skuldbindingarinnar sem kemur til greiðslu á næsta ári nemur 9,7 milljónum króna og er færður meðal annarra skammtímaskulda.

	2025	2024
Staða í ársbyrjun	90.431.878	93.630.407
Greiddar lífeyrisskuldbindingar á árinu	(11.379.066)	(9.721.197)
Reiknuð hækkun (lækkun) lífeyrisskuldbindingar á árinu	17.409.364	6.522.668
Staða í árslok	96.462.176	90.431.878
Skammtíamahluti lífeyrisskuldbindingar	9.659.062	9.055.229
Langtíamahluti lífeyrisskuldbindingar	86.803.114	81.376.649
Staða í árslok	96.462.176	90.431.878

Greiðslur vegna lífeyrisskuldbindinga í árslok greinast þannig á næstu ár:

Til greiðslu 2027 - 2030	30.184.569
Til greiðslu 2031 - 2035	24.019.210
Til greiðslu 2036 - 2040	18.239.186
Til greiðslu 2041 og síðar	24.019.211
	96.462.176

Skýringar

12. Tekjuskattsinneign/(-skuldbinding)

	Inneign/ (skuldbinding)
Staða 1.1.2024	56.977.705
Reiknaður tekjuskattur vegna ársins 2024	(36.568.098)
Tekjuskattur til greiðslu á árinu 2025	27.959.122
Staða 1.1.2025	48.368.729
Reiknaður tekjuskattur vegna ársins 2025	(26.744.135)
Tekjuskattur til greiðslu á árinu 2026	20.065.767
Staða 31.12.2025	41.690.361

Tekjuskattsinneign/(-skuldbinding) greinast þannig á einstaka liði efnahagsreikningsins:

	31.12.2025	31.12.2024
Varanlegir rekstrarfjármunir	20.446.818	28.402.062
Lífeyrisskuldbinding	19.292.435	18.086.376
Viðskiptakröfur	1.961.331	1.871.682
Frestaður gengismunur	(10.223)	8.610
	41.690.361	48.368.729

13. Aðrar peningalegar skuldir

Viðskiptaskuldir

	31.12.2025	31.12.2024
Innlendar viðskiptaskuldir	37.384.219	31.978.046
	37.384.219	31.978.046

Aðrar skammtímaskuldir

	31.12.2025	31.12.2024
Fyrirframinnheimtar tekjur	6.820.813	0
Ógreiddur Orkuskiptaskattur	836.304	975.469
Aðrar skuldir	7.369	0
	7.664.486	975.469

Næsta árs afborganir langtímaskulda

	31.12.2025	31.12.2024
Lífeyrisskuldbinding	9.659.062	9.055.229
	9.659.062	9.055.229

14. Hreyfingar án greiðsluáhrifa

Liðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi greinast þannig.

	31.12.2025	31.12.2024
(Hækkun)/lækkun á markaðsverðbréfum	(24.465.618)	(26.227.693)
Afkoma eignarhluta í dóttur- og hlutdeildarfélagum	2.560.827	(1.421.664)
Breyting á lífeyrisskuldbindingu	17.409.364	6.522.668
Breyting á tekjuskattsinneign	6.678.368	8.608.976
	2.182.941	(12.517.713)

Skýringar

15. Tengdir aðilar

Tengdir aðilar eru þeir aðilar sem hafa umtalsverð áhrif á félagið, beint eða óbeint, þ.m.t. móðurfélag, eigendur og fjölskyldur þeirra, stórir fjárfestar, lykilstarfsmenn og fjölskyldur sem og aðilar sem er stjórnað af eða eru verulega háðir félaginu, s.s. hlutdeildarfélag og samrekstrarfélag. Viðskipti við tengda aðila hafa verið gerð á sambærilegum grundvelli og viðskipti við ótengda aðila.

Viðskipti við tengd félög árið 2025:	Keypt þjónusta og vörur	Seld þjónusta og vörur	Kröfur	Skuldir
Norðurþing, móðurfélag	177.890.718	47.060.358	157.937.436	0
	<u>177.890.718</u>	<u>47.060.358</u>	<u>157.937.436</u>	<u>0</u>
Viðskipti við tengd félög árið 2024:	Keypt þjónusta og vörur	Seld þjónusta og vörur	Kröfur	Skuldir
Norðurþing, móðurfélag	147.232.918	46.905.200	147.866.338	0
	<u>147.232.918</u>	<u>46.905.200</u>	<u>147.866.338</u>	<u>0</u>

16. Greining rekstrar eftir starfsþáttum:

Rekstur félagsins greinast þannig á árinu 2025 eftir starfsþáttum:

	Hitaveita	Vatnsveita	Fráveita	Samtals
Tekjur	289.117.287	122.616.375	101.406.294	513.139.956
Rekstrarkostnaður	(186.222.119)	(54.660.967)	(36.663.520)	(277.546.606)
Afskriftir	<u>(27.034.707)</u>	<u>(13.341.652)</u>	<u>(36.029.654)</u>	<u>(76.406.013)</u>
Rekstarhagnaður (-tap)	<u>75.860.461</u>	<u>54.613.756</u>	<u>28.713.120</u>	<u>159.187.337</u>
Fjármunatekjur / (fjármagnsgjöld)				<u>55.277.986</u>
Hagnaður fyrir skatta				214.465.323
Tekjuskattur				<u>(26.744.135)</u>
Hagnaður ársins				<u>187.721.188</u>

Rekstur félagsins greinast þannig á árinu 2024 eftir starfsþáttum:

	Hitaveita	Vatnsveita	Fráveita	Samtals
Tekjur	315.814.726	113.971.993	90.631.495	520.418.214
Rekstrarkostnaður	(185.381.245)	(35.774.380)	(28.895.487)	(250.051.112)
Afskriftir	<u>(26.928.098)</u>	<u>(11.767.118)</u>	<u>(35.486.953)</u>	<u>(74.182.169)</u>
Rekstarhagnaður (-tap)	<u>103.505.383</u>	<u>66.430.495</u>	<u>26.249.055</u>	<u>196.184.933</u>
Fjármunatekjur / (fjármagnsgjöld)				<u>74.078.939</u>
Hagnaður fyrir skatta				270.263.872
Tekjuskattur				<u>(36.568.098)</u>
Hagnaður ársins				<u>233.695.774</u>

Skýringar

17. Kennitölur

Úr rekstrarreikningi:	2025	2024	2023
Arðsemi			
Hagnaður fyrir afskriftir, vexti og skatta (EBITDA)	235.593.350	270.367.102	237.255.163
a) Framlegðarhlutfall rekstrar	0,47	0,54	0,52
b) Hagnaðarhlutfall	0,38	0,46	0,41
c) Hagnaður á hverja krónu nafnverðs hlutfjár (EPS)	18,77	23,37	18,56
d) Arðsemi eigin fjár	0,08	0,10	0,09
a) EBITDA/rekstrartekjur			
b) Hagnaður ársins/rekstrartekjur			
c) Hagnaður/nafnverð hlutfjár			
d) Hagnaður/meðalstaða eigin fjár			
Úr efnahagsreikningi:	31.12.2025	31.12.2024	31.12.2023
Nýting fjármagns			
f) Veltuhraði eigna	0,19	0,20	0,20
h) Veltuhraði viðskiptakrafna	11,77	11,10	10,69
f) Rekstrartekjur/meðalstaða heildareigna			
h) Rekstrartekjur/meðalstaða viðskiptakrafna			
Úr efnahagsreikningi (framhald):	31.12.2025	31.12.2024	31.12.2023
Greiðsluhæfi			
j) Veltufjárhlutfall	13,50	14,67	21,99
j) Veltufjármunir/skammtímaskuldir			
Fjárhagslegur styrkur			
k) Eiginfjárhlutfall	0,94	0,94	0,95
l) Innra virði hlutfjár	252,00	240,23	223,46
k) Eigið fé/heildarfjármagn			
l) Eigið fé/hlutafé			

17. Kennitölur (framhald)

Úr sjóðstreymi ársins:	2025	2024	2023
m) Skuldaþekja handbærs fjár	1,60	2,07	1,81
o) Gæði afkomu	1,38	1,34	1,25
p) Gæði rekstrarhagnaðar	1,58	1,69	1,42
m) Handbært fé frá rekstri/skuldir			
o) Handbært fé frá rekstri/hagnaður			
p) Handbært fé frá rekstri án vaxta/rekstrarhagnaður			

Rekstrargjöld sem hlutfall af rekstrartekjum	2025	2024	Breyting
Lífeyrisskuldbinding/rekstrartekjur	3,48%	1,29%	2,19%
Annar rekstrarkostnaður/rekstrartekjur	51,99%	48,27%	3,71%
Afskriftir/rekstrartekjur	15,27%	14,71%	0,56%
Rekstrargjöld/rekstrartekjur	70,74%	64,27%	6,46%

Skýringar

18. Sjóðstreymisýfirlit

	2025	2024	2023	2022	2021
Hagnaður (tap) ársins.....	187.721.188	233.695.774	185.584.702	99.420.717	71.789.108
Afskriftir.....	76.406.013	74.182.169	90.576.389	142.209.111	135.165.416
Reiknaðir fjármagnsliðir.....	(4.495.427)	(21.126.689)	(9.432.566)	1.375.415	8.230.096
Aðrar breytingar.....	5.977.571	8.608.976	(9.003.164)	1.639.606	(13.962.608)
Hreint veltufé frá rekstri	265.609.346	295.360.230	257.725.361	244.644.849	201.222.012
Breyting á:					
Rekstrartengdum eignum.....	(35.184)	473.845	(15.306.668)	742.066	(1.311.946)
Rekstrartengdum skuldum.....	(7.177.231)	17.197.689	(9.712.149)	(1.619.387)	(10.574.108)
Handbært fé frá rekstri	258.396.931	313.031.764	232.706.544	243.767.528	189.335.958

Sundurliðanir

	2025	2024
Rekstrartekjur		
Orkusala	277.114.782	301.562.552
Vatnsveita	122.550.683	112.934.771
Fráveita	100.718.740	89.968.160
	<u>500.384.205</u>	<u>504.465.483</u>
Aðrar tekjur		
Leigutekjur	2.295.000	2.295.000
Aðrar tekjur	9.759.954	13.657.731
Hagnaður af sölu eigna	700.797	0
	<u>12.755.751</u>	<u>15.952.731</u>
Laun og annar starfsmannakostnaður		
Breyting á lífeyrisskuldbindingu	17.409.364	6.522.668
	<u>17.409.364</u>	<u>6.522.668</u>
Annar rekstrarkostnaður		
Aðkeypt efni og vinna til endursölu	95.782	840.114
Rafmagn og hiti	40.342.662	39.644.878
Viðhald húsnæðis	1.050	3.611
Vinna starfsmanna - sala deilda	33.413.679	32.725.006
Viðhald veitna - efniskostnaður	4.887.571	17.582.672
Viðhald veitukerfa - verktakar	21.827.343	17.110.139
Vátryggingar	4.875.977	3.268.490
Fasteignagjöld	5.139.086	4.874.833
Annar húsnæðiskostnaður	465.937	72.038
Aðkeyptur akstur	1.315	33.310
Rekstur bifreiða	3.020.659	2.831.622
Smááhöld	723.700	855.043
Viðhald áhalda og tækja	293.158	150.444
Styrkir og auglýsingar	7.569.686	7.024.933
Ferðakostnaður	380.643	614.473
Tækjaleiga	13.403.884	13.370.797
Opinber gjöld, félagsgjöld og eftirlitsgjöld	1.269.365	1.201.486
Funda- og viðskiptakostnaður	111.870	105.000
Afskrifaðar og niðurfærðar kröfur	296.000	472.213
Annar starfsmannakostnaður	1.696.016	1.410.891
Hlutdeild í launum og skrifstofukostnaði	81.156.883	69.919.699
Annar skrifstofukostnaður	9.044.962	6.359.375
Endurskoðun og reikningsskil	3.674.989	4.279.301
Lögfræðipjónusta	206.360	1.041.228
Rannsóknar- og þróunarvinna	21.291.213	15.032.024
Önnur sérfræðipjónusta	4.947.452	2.704.824
	<u>260.137.242</u>	<u>243.528.444</u>

Undirritunarsíða

Löggiltur endurskoðandi
Niels Guðmundsson

Formaður stjórnar
Sigurgeir Höskuldsson

Stjórn
Valdimar Halldórsson

Stjórn
Hjálmar Bogi Hafliðason

Framkvæmdastjóri
Benedikt Þór Jakobsson